

FRUMSÝNT Í HOFI 13. JANÚAR 2024

LITIA SKRÍMSLIÐ OG STÓRA SKRÍMSLIÐ

EFTIR ÁSLAUGU JÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRN JENNÝ LÁRA ARNÓRSDÓTTIR

LEIKFÉLAG
AKUREYRAR





VRÚÐ!

SKRÍMSLI RÐ LEİK!

Við hverju má búast þegar skrímsli leika lausum hala í leikhúsinu? Það er bankað á dyr og fyrir utan stendur stórt skrímsli. Það væri hreinlega skelfilegt ef veran sem er fyrir innan og opnar dyrnar væri ekki einmitt skrímsli líka!

Fyrir rúmum tuttugu árum urðu litla skrímslið og stóra skrímslið á vegi höfunda sem komu saman til að æfa þá leikni að skrifa sögur fyrir börn, í máli og myndum. Þó kveikjan væri í raun samskipti okkar fullorðna fólksins sóttum við fljótt í brunn bernskunnar; deildum sögum og tilfinningum sem við rifjuðum upp og þekktum vel. Sögum sem við höfðum kannski ekki oft talað um. Sögum um erfiðar og neikvæðar tilfinningar, en líka sögum um samkennd, vináttu og sátt.

Það er styttra í þessar margvislegu og ef til vill barnslegu tilfinningar en við viljum viðurkenna, því við erum ævinlega líka börnin sem við eitt sinn vorum, hvað sem rökhyggjan segir okkur. Við munum vel yfirgangssegi og kúgara og við þá er fátt mikilvægara að kunna að segja en: NEI! og setja mörk. Við þekkjum sjálfselsku, ótta og skömm og þurfum að viðurkenna styrkleika okkar og veikleika. Við þurfum að þora að horfast í augu við óttann og finna kraft samtakamáttarins. Við þurfum að samþykkja hvað við erum öll ólík og hvað það er þá gott að kunna að gefa – og þiggja. Við þurfum að þora að deila – og sættast, og skynja að fátt er sterkara og fallegra en sönn vináttu. Því þá er það víst að það verður hreint dündurgaman!

Skrímsli eru kannski ekkert skelfileg – bara óttalega lík okkur?

Góða skemmtun!

Áslaug Jónsdóttir





LEIKARRAR OG


LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

Höfundur
Leikstjóri

Leikmynd og búningar
Gervi
Tónlist
Hljóð
Leikarar
Hljóð og ljós
Danshreyfingar
Sýningarstjórn
Skipulagsstjórn
Aðstoð við leikmynd og búninga
íþróttalýsandi

Áslaug Jónsdóttir
Jenný Lára Arnórsdóttir

Björg Marta Gunnarsdóttir
Harpa Birgisdóttir
Ágústa Skúladóttir
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Margrét Sverrisdóttir og Hjalti Rúnar Jónsson
Árni F. Sigurðsson og Benni Sveinsson
Guðný Ósk Karlsdóttir
Unnur Anna Árnadóttir
Þórunn Geirsdóttir
Jónína Mjöll Þormóðsdóttir
Arnþór Þórsteinsson





Nei!



LiSTRENR STJÓRNENDUR

ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR

Áslaug Jónsdóttir stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá teiknideild Skolen for Brugskunst, sem nú er einn af skólum Listaakademíunnar í Kaupmannahöfn. Síðan námi lauk hefur Áslaug starfað sem mynd- og rithöfundur og grafiskur hönnuður.


Áslaug hefur hlotið fjöldaviðurkenninga fyrir verksín. Hún hefur tví vegis fengið Dimmalimmverðlaunin – íslensku myndskreytiverðlaunin og hún hlaut ásamt með höfundumsínum Kalle Güettler og Rakel Helmsdal Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur 2007 fyrir Stór skímsli gráta ekki og með sömu höfundum íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2017 í flokki barna- og unglingsbóka fyrir Skímsli í vanda. Verk Áslaugar hafa í fjórgang verið valin á Alþjóðlegan heiðurslista IBBY fyrir myndlýsingar og hún hefur verið tilnefnd til H.C. Andersen-verðlaunanna og ALMA-verðlaunanna.

Áslaug hefur skrifað þrjú barnaleikrit og hannað leikmyndir fyrir tvö þeirra. Fyrsta leikrit hennar, Gott kvöld, vann Grímuna 2018 sem besta

barnaleiksýning leikársins. Áslaug var einnig tilnefnd til Norrænu leikskáldaverðlaunanna 2010 fyrir sama leikrit. Annað leikverk hennar, Sindri silfurfiskur, var tilnefnt til Grímunnar 2010 en það verk var sett upp á leiklistarhátiðum í Lund, Malmö og Moskvu.

Áslaug hannar jafnan útlit bóka sinna en hún hefur einnig hannað sýningar. Þar á meðal skapaði hún ásamt Högna Sigurþórssyni upplifunarsýninguna Skímslin bjóða heim, sem var sett upp í Gerðubergi Menningarhúsi og síðar í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum, auk þess sem minni útgáfa flakkaði á milli bókasafna í Danmörku.

Bækur Áslaugar hafa verið þýddar á mörg tungumál og bókaflokkurinn um litla skímslið og stóra skímslið hefur ferðast víða. Skímsli í vanda var tilnefnd til Barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2018 af hálfu Íslands og höfundateyminu hlotnaðist einnig sami heiður árið 2013 fyrir Skímslaerjur.







LISTRENIÐR STJÓRNENDUR

JENNY LÁRA

Jenný Lára Arnórsdóttir útskrifaðist sem leikari og leikstjóri frá The Kogan Academy of Dramatic Arts í London árið 2012. Frá útskrift hefur hún leikstýrt víða, bæði í áhugaleikhúsum og með sjálfstæðum leikhópum. Hún er einn stofnanda leikhópsins Umskiptingar, sem er atvinnuleikhópur sem starfar á Norðurlandi og var tilnefndur til Grímunnar fyrir barnaverkið Galdragáttin og þjóðsagan sem gleymdist. Þá hefur hún leikstýrt Umskiptingum í verkunum Líf, í myrkri eru allir kettir gráir og Töfrabækurnar – Sagan af Gýpu. Hún er einnig hirðleikstjóri atvinnuóperuhópsins Hnoðri í norðri sem setti upp jólasýninguna Ævintýri á aðventu í samstarfi við Leikfélag Akureyrar nú fyrir jólin. Jenný Lára starfar sem skólastjóri Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar auk þess sem hún kennir leikstjórn á sviðslistabraut MA.

BJÖRG MARTA

Björg Marta Gunnarsdóttir hefur áður unnið að sýningum fyrir Leikfélag Akureyrar. Hún hannaði til að mynda búningana í Skugga sveini og hinum geysivinsæla söngleik Chicago. Þá var hún aðstoðarbúningahönnuður í Voriðvaknar og Lísu í Undralandi. Einnig kom hún að hönnun búninga í Kabarett, Mutter Courage og Svörtum ketti. Björg Marta lærði fatahönnun í Antwerpen og Barcelona og útskrifaðist frá IED í Barcelona. Hún starfaði í tvö ár sem aðstoðarhönnuður hjá John Rocha í Dublin. Eftir heimkomu til Íslands hefur Björg, eins og fyrr segir, komið að búningahönnun fyrir leikhús ásamt því að vinna að eigin list.



LiSTRENiR STJÓRNENDUR

HARPA BIRGIS

Harpa Birgisdóttir hársvyrttimeistari og förðunarfræðingur starfar sem hársnyrtikennari og brautarstjóri hársnyrtideildar við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún útskrifaðist sem hársnyrtisveinn árið 2000, frá Iðnskólanum í Reykjavík. Harpa hefur starfað fyrir Leikfélag Akureyrar frá 2004, síðar Menningarfélag Akureyrar frá 2010. Fyrsta leiksýningin var Oliver Twist og síðan þá hefur Harpa komið að nánast öllum sýningum leikfélagsins með einum eða öðrum hætti. Hún hefur séð um hárgreiðslu, förðun, sýningarstjórn og sviðsmennsku, og síðustu 13 árin hefur hún hannað gervi fyrir sýningar félagsins. Má þar nefna Rocky Horror, Gulleyjuna, Svörtu kómedíuna, Fúlar á móti, Gallsteina afa Gissa, Vorið vaknar, Kabarett, Benedikt búálf, Skugga Svein og núna Litla skrímslið og stóra skrímslið.

ÞORVALDUR BJARNI

þorvaldur Bjarni þorvaldsson er tónskáld, upptökustjóri og framleiðandi. Hann er stofnandi, gítarleikari og lagahöfundur hljómsveitarinnar Todmobile. Hann hefur samið tónlist fyrir níu söngleiki sem allir hafa ratað á fjalir leikhúsanna, eins og t.d. Ávaxtakörfuna, Benedikt búálf, Gosa og Draumabjófinn, auk þess að tónlistarstýra leikhúsuppfærslum. Þar má nefna Vesalingana, Kabarett, Evita, Rocky Horror, Hárið, Chicago og Spamalot. Hann hefur samið fjölda tónverka fyrir hljómsveitir og hljóðfærahópa. Þorvaldur hefur tvívegis hlotið íslensku tónlistarverðlaunin og verið tilnefndur til Grímu og Edduverðlaunanna.



LiSTRÆNİR STJÓRNENDUR

BENNI

Benni Sveinsson hefur starfað sem tæknimaður hjá Menningarfélagi Akureyrar síðan 2022 en hefur verið í tæknibransanum í 25 ár og komið við við, þá aðallega sem verkefnastjóri og hljóðmaður við lifandi viðburði en hóf þó tækniferilinn sem ljósamaður. Benni hefur undanfarið verið að fikra sig meira inn í heim hljóðhönnunar fyrir leikhús sem og einnig að rifja upp ljósahönnunina.

ÁRNI

Árni F. Sigurðsson hefur starfað sem tæknimaður hjá Menningarfélag Akureyrarsíðan 2016. Hann hefur séð um hljóð og ljósahönnun á ýmsum verkefnum bæði í Hofi og Samkomuhúsinu. Fyrir utan leikhússið hefur hann mikla reynslu af ýmsum tæknistörfum, jafnt við hljóð, ljós og video og hefur starfað sem við marga stærstu viðburði landsins undanfarin ár ásamt því að hafa tryggt sér fast sæti sem hljóðmaður á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku. Árni er einnig aðal upptökustjóri SinfoniaNord verkefnisins sem sinnir upptökum á kvíkmyndatónlist fyrir alþjóðamarkað.





LEIKRARAR


MARGRÉT

Margrét Sverrisdóttir útskrifaðist úr BA-námi í leiklist frá Arts Ed London 2003. Frá útskrift hefur hún skrifað, leikið og leikstýrt bæði í sjónvarpi og leikhúsi. Margrét er Umskiptingur og lék m.a. í barnaleiksýningunni Galdragáttin og þjóðsagan sem gleymdist, sem fékk tilnefningu til Grímunnar sama ár. Verk sem hún hefur leikið í eru m.a. Gallsteinar afa Gissa, Halla, Þöggun og Bólu-Hjálmar, sem fékk Grímuverðlaunin 2009. Hún var umsjónarkona Stundarinnar okkar hjá Rúv í tvö ár og skrifaði og lék í barnabáttunum Himinlifandi í samstarfi við Biskupsstofu og N4. Hún skrifaði og lék líka einleikinn Líf, sem var sýndur á Reykjavík Fringe og í samstarfi við LA síðasta haust. Líf hlaut verðlaun fyrir bestu persónuskópunina á Reykjavík Fringe. Í veturnum mun Margrét leika í brúðuleiksýningunni Sagan af Gýpu á vegum Umskiptinga og Litla skrímslinu og stóra skrímslinu hjá LA.

HJALTI RÚNAR

Hjalti Rúnar Jónsson byrjaði ungur að árum að leika, fyrst í Loftkastalanum í Bugsy Malone og síðan í Pétri Pan hjá Borgarleikhúsini. Stuttu seinna hóf hann störf hjá Leikfélagi Akureyrar og lék þar í Óvitum, Lilju, Rocky Horror, Kabarett og nú síðast Benedikt Búálfí árið 2022. Einnig hefur Hjalti komið að fjölda sjálfstæðra leiksýninga, bæði sem höfundur og leikari, auk þess sem hann lék í sýningunum Framúrskarandi Vinkonu og Umskiptingi við Þjóðleikhúsið. Hann hlaut tilnefningu til Grímuverðlauna fyrir leik sinn í Galdragáttinni hjá leikhópnum Umskiptingar og hann var einnig tilnefndur til Eddunnar fyrir leik sinn í kvikmyndinni Ikingut en Hjalti hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþáttaraða frá unga aldri. Þá hefur hann unnið við Útvarpsleikhúsið og sinnt talsetningu til margra ára. Hjalti útskrifaðist með BA-gráðu frá leikarabraut Listaháskóla Íslands haustið 2016.





ÞAKKIR

Elínborg Sigriður Árnadóttir

Laufey Árnadóttir

Leikfélag Akureyrar vill sérstaklega þakka Arnþóri Þórsteinssyni fyrir hans vinnu við sýninguna.



and
Björk,
of course...

eflir
Þorvald Þorsteinsson



LEIKFÉLAG AKUREYRAR

SÝNT Í SAMKOMUHÚSINU 2024

